



Reykjavíkurborg  
Skóla- og frístundasvið



## Hálsaskógur

2019 – 2020



### Framtíðarsýn skóla og frístundasviðs:

Í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlast börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag.

## Efnisyfirlit

Leiðarljós leikskólans: Leikur, virðing, vinátta.....	3
1 Greinargerð leikskólastjóra .....	3
2 Innra mat.....	6
3 Ytra mat.....	26
4 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla.....	28
5 Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva.....	29
6 Foreldrasamvinna.....	30
7 Skipulagsdagar og leikskóladagatal .....	31
8 Fylgigögn.....	33
8.1 Fylgiskjal 1 - Samantekt um sérkennslu/stuðning.....	33
8.2 Fylgiskjal 2 - Skipulagt starf vegna barna með annað móðurmál en íslensku.....	33
8.3 Fylgiskjal 3 - Umsögn foreldraráðs .....	33
8.4 Fylgiskjal 4 – Jafnréttisáætlun Hálsaskógar .....	33

## Leiðarljós leikskólans: Leikur, virðing, vinátta.

### 1 Greinargerð leikskólastjóra

Skólaárið 2018-2019 gekk heilt yfir mjög vel. Stöðugleiki ríkti í starfsmannahópnum en í byrjun skólaárs komu fjórir starfsmenn út fæðingarorlofi og í vor komu tveir til viðbótar. Þá byrjaði nýr deildarstjóri á yngstu deildinni í ágúst 2018 og hefur henni tekist að byggja faglegt og flott starf með yngstu börnunum ásamt starfsfólki sínu. Það má því segja að það hafi verið valið fólk í hverju rými þennan veturinn. Tveir starfsmenn fóru í fæðingarorlof á liðnum vetri og er von á þeim aftur á næsta ári.

Allt skólaárið hefur verið unnið markvisst að því að endurnýja Grænfánann en við höfðum frestað því vegna mikilla starfsmannabreytinga árið á undan. Þessi vinna gekk mjög vel en unnið var út frá þemanu „neysla og úrgangur“. Föstudaginn 28. júní tókum við svo á móti nýjum fána við hátíðlega athöfn en þetta er í 7. skiptið sem leikskólinn fær afhentan Grænfána. Við munum að sjálfsögðu halda áfram því góða starfi sem unnið er í umhverfismálum í leikskólanum og næsta þema sem við ætlum að vinna með er „átthagar og landslag“.

Síðastliðið haust ákváðum við að minnka notkun plastpoka og byrjuðum að senda blaut föt barnanna heim í taupokum sem starfsmenn leikskólans höfðu saumað. Það mæltist vel fyrir en pokarnir hafa skilað sér illa til baka og því höfum við ákveðið að biðja foreldra að koma með taupoka að heiman sem verða geymdir í kössum barnanna. Við munum byrja á þessu í lok ágúst.

Við tókum inn tvö ný verkefni síðasta haust en það var Herra Níels og tannverndarverkefni. Herra Níels fór heim með hverju barni einu sinni á önn og með honum fylgdi bók sem foreldrar skráðu í hvað gert var þann tíma sem brúðan var með barninu. Þegar þau komu svo aftur í leikskólann þá fékk barnið að segja frá hvað Herra Níels hafði brallað með því. Yngri börnin fóru með hann heim á virkum degi yfir eina nótt en eldri börnin voru með hann yfir helgi. Tannverndarverkefnið gekk út á annars vegar fræðslu til starfsmanna, foreldra og barna og hins vegar skimaði tannlæknir tennur barnanna. Það kom í ljós að tannheilsa barna í Hálsaskógi er almennt góð. Ákveðið hefur verið að byrja með tannburstun eftir hádegismat í leikskólanum en það verða starfsmenn sem sinna því. Um áramót verður það



endurmetið og tekin ákvörðun í kjölfarið með hvort því verði haldið áfram. Bæði þessi verkefni heppnuðust afar vel og munum við halda þeim áfram og setja inn í skólanámskrá.

Ný menntastefna Reykjavíkur kom út í nóvember á síðasta ári en hún nær til ársins 2030. Hún byggir á grunnstefjum Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna. Stefnan byggir á fimm grundvallarþáttum sem eru félagsfærni, sjálfsefning, læsi, sköpun og heilbrigði. Reykjavíkurborg hefur lagt mikla áherslu á að kynna vel þessa áætlun fyrir starfsfólk skóla- og frístundasviðs Reykjavíkur og var hún því töluvert til umræðu á skipulagsdögum vetrarins. Þar ræddi starfsmannahópurinn um hvað þeim myndist þurfa að efla og vinna með út frá menntastefnunni. Niðurstaðan varð sú að ákveðið var að efla félagsfærni og vinna markvisst með þætti tengda því. Þeir þættir sem komu helst upp voru útikennsla, Barnasáttmálinn, Lubbi og Uppeldi til ábyrgðar. Þetta er allt þættir sem er nú þegar verið að vinna með í Hálsaskógi en fólk fannst við þurfa að dýpka okkur betur í þessu öllu saman og vinna markvissara að því. Heiti verkefnisins er „Vinirnir í skóginum – sterk saman“. Við sóttum um að fá styrk til að vinna betur að þessum þáttum og fengum hann. Hluta af þeim styrk munum við nota í verkefnisstjórstöðu vegna útikennslu. Þetta munu verða aðaláhersla í starfi leikskólans næsta vetur en aftur í starfsáætluninni er hægt að lesa um það hvernig við ætlum að framkvæma verkefnið.


Í apríl ár hvert erum við með opið hús sem kallast Skógardagurinn. Á þessum degi hafa börnin sýnt verkefni sem þau hafa unnið út frá ákveðnum þemum. Að þessu sinni var unnið út frá fjölmenningu, Barnasáttmálanum og endurnýtingu. Við höfum haft Skógardaginn í sömu viku og Barnamenningarhátíð er en þetta árið tókum við líka þátt í sýningu í Gerðubergi á Barnamenningarhátíð. Þar sýndum við ýmis verkefni sem börnin hafa unnið að í vetur. Mikill fjöldi fólks mætti bæði á þessa sýningu og eins á Skógardaginn okkar, sem er ávallt mikill hátíðisdagur í Hálsaskógi.

Síðastliðinn vetur fengum við til okkar í starfskynningu unglunga úr Ölduselsskóla. Þau voru einn eftirmiðdag á deildum og fengu jafnframt kynningu á leikskólanum hjá aðstoðarleikskólastjóra. Þetta heppnaðist mjög vel og hefur verið ákveðið að fara af stað með samstarfsverkefni milli Hálsaskógar og Ölduselsskóla þar sem unglingar í 10. bekk geta valið að fá að kynnast leikskólakennarastarfinu með því að mæta til okkar einu sinni í viku í átta vikur í senn. Verkefnið er ennþá í mótun en mikil jákvæðni ríkir gagnvart þessu í báðum skólum og teljum við þetta vera lið í því að kynna fyrir kennurum framtíðarinnar allt það jákvæða og skemmtilega sem starf leikskólakennara felur í sér.

Þetta vorið vorum við með tvo þýska leikskólakennaranema í starfsnámi í fimm vikur, þær Lenu og Andreu. Þær unnu nokkur verkefni með börnunum í tengslum við nám sitt og tóku jafnframt virkan

Þátt í daglegri starfsemi deildanna sem þær voru á. Þetta er liður í Erasmus verkefni sem leikskólinn tekur þátt í og hafa börn og fullorðnir haft gagn og gaman af því að kynnast þessum nemum.

Í haust verða einhverjar starfsmannabreytingar en þá eru bæði að hætta starfsmenn vegna aldurs og eins sem eru að fara í skóla. Ennþá á eftir að ráða tvo starfsmenn á deild og þá vantar deildarstjóra í eldra húsið. Ég lít þó björtum augum til næstkomandi skólaárs og hlakka til að halda áfram að byggja upp og hlúa að því faglega starfi sem unnið er í leikskólanum okkar með mínu frábæra samstarfsfólki.



## 2 Innra mat

Matsaðferðir í Hálsaskógi eru fjölmargar s.s. matsblöð, deildarstjórafundir, deildarfundir, skipulagsdagar, demantsaðferðin og kannanir. Í vetur hefur gengið nokkuð vel að endurmeta starfið og til þess voru notuð endurmatshefti, ásamt því að unnið var eftir endurmatsáætlun og umbótaáætlun úr Starfsáætlun síðasta árs. Leitast hefur verið meira eftir mati barnanna en verið hafði gert og þá aðallega með umræðum í litlum hópum og demantaaðferðinni.

Helstu atriði sem starfsmannahópurinn vill leggja áherslu á næsta skólaár eru eftirfarandi:

### Stöðvavinna – þemavinna

Enn og aftur var stöðvavinnan til umræðu. Hún gekk ágætlega en almennt fannst fólki verkefnin vera einhæf og börnin ekki alltaf áhugasöm. Verkefnin gengu best þegar unnið var eftir ákveðnum þemum eins og til dæmis fyrir Skógardaginn. Rætt var um að orðið „stöðvavinna“ væri að rugla fólk og því var ákveðið að kalla þetta þemavinnu næsta vetur. Við munum því halda áfram á sömu braut en vera alltaf með fyrirfram ákveðin þemu sem verða ákveðin af kennurum og börnum.

Endurmat mun fara fram á deildarfundum í desember og maí og með börnunum í sömu mánuðum.

### Menntastefna - útikennsla

Útikennslan gekk mun betur síðastliðið skólaár en fyrri ár. Það er þó mikill vilji í Hálsaskógi að gera betur og því var ákveðið að hafa útikennslu sem aðalleið til að efla félagsfærni barnanna í þróunarverkefni okkar tengdu menntastefnunni.

Helstu markmið verkefnisins eru að raddir barna í Hálsaskógi fái aukið vægi, að þau læri að bera virðingu fyrir og taka tillit til hvers annars, náttúrunnar og umhverfisins. Að þau læri að allir skipta máli, sama hversu ólík við erum.

### Lýsing á framkvæmd verkefnis og tímaáætlun:

Verkefnið mun taka eitt ár.

### Haustönn:

Á skipulagsdegi mun verða námskeið fyrir starfsmenn í útikennslu. Þetta námskeið er þegar búið en það var á skipulagsdegi í lok maí. Við munum þó leitast við að finna fleiri námskeið tengd útikennslu eða fara að skoða leikskóla sem hafa sérhæft sig í slíku.

Stofnaður verður stýrihópur sem mun fylgja verkefninu eftir. Í stýrihópnum verða þrír starfsmenn og þrjú börn. Hópurinn mun einnig greina hvaða efnivið við þurfum til að framkvæma verkefnið og taka við ábendingum frá öðrum

Öll börn munu fara í útikennslu einu sinni í viku, hvort sem hún fer fram í görðum leikskólans eða í lengri ferðum.

Við munum einbeita okkur að þeim þáttum sem snúa að félagsfærni í Uppeldi til ábyrgðar.

### **Vorönn:**

Á skipulagsdegi verður námskeið/fræðsla tengt verkefninu (viðfangsefnið ákveðið síðar). Starfsmenn fara í heimsóknir í leikskóla sem vinna markvisst með uppeldi til ábyrgðar og Barnasáttmálann.

Stýrihópur heldur áfram að fylgja verkefninu eftir.

Byrjum að útbúa útisvæði í garðinum í Borg sem nýtt verður til útikennslu. Girða af lítinn skika og fá hugmyndir barnanna um útfærslur.

Árangur verður metinn á deildarfundum á tveggja mánaða fresti, á stjórnendafundum einu sinni á önn og með börnunum einu sinni á önn. Matið mun fara fram með Gátlistanum fyrir leikskóla, umræðum og demantsaðferð

Ákveðið var að skipa verkefnastjóra útikennslu og mun hann halda utan um og skipuleggja alla útikennslu í leikskólanum ásamt því að útbúa gagnabanka sem starfsfólk getur leitað í. Þá mun styrkurinn sem fékkst í verkefnið einnig verða notaður til að útbúa útikennslusvæði í garðinum í Borg sem mun nýtast öllum deildum leikskólans. Er það von okkar að með þessu ná útikennsla að öðlast fastan sess í starfi leikskólans til framtíðar.

Endurmat mun fara fram einu sinni í mánuði á deildarfundum og í desember og maí á stjórnendafundum. Með börnunum verður endurmetið í nóvember og apríl með demantaaðferðinni.

### **Stutt greinargerð deildarstjóra Furulundar**

Aðlögun nýrra barna gekk vonum frammar. Hvert barn fékk ákveðinn tengilið í aðlöguninni sem sinnti því sérstaklega þó allir starfsmenn gæfu sig að öllum börnunum. Í aðlöguninni í tengslum við uppeldi til ábyrgðar þá unnum börnin með foreldrum sínum hús til að hafa uppi á vegg inni á deild. Á húsunum þeirra eru myndir af þeim og því sem þeim þykir vænt um. Með því að vinna þessi hús með foreldrum sínum tengir þau eitthvað því þessi hús hjálpa þeim heilmikið á erfiðustu stundum

aðlögunarinnar. Við lögðum einnig mikið upp úr því að heilsa og kveðja hvert barn sérstaklega og með nafni sem okkur fannst skila sér í því að börnin áttu auðveldara með að kveðja þegar kom að því og að þau urðu fljótt örugg í þessu nýja umhverfi.

Börnin voru fljót að átta sig á dagskipulaginu, það eru þrjár samverustundir á dag. Í morgunsamverunni er sögustund á meðan þau borða ávexti en fyrir hádegismat og kaffi syngjum við á meðan bleyjuskipti eiga sér stað. Stefnt er að útiveru a.m.k. einu sinni á dag en sökum veðurs fellur útiveran stundum niður og þá sérstaklega fyrir þessi yngstu. Sjónrænt dagskipulega hefur ekki verið uppi við þennan veturinn og verður bætt úr því á næsta ári. Þrátt fyrir að börnin voru fljót að lesa í aðstæður og læra dagsskipulagið þá eru einstaklingar sem hefðu þurft meiri stuðning og það sýndi sig seinni hluta skólaársins. Það tók aðeins nokkra daga með sjónrænu skipulagi til að sjá jákvæðan mun á einstaklingum sem þurftu á þessu að halda.

Í upphafi skólaársins höfðum við starfsmennirnir miklar áhyggjur af því að börnin væru of lítil til að fara í útikennslu. Við byrjuðum að fara tveir starfsmenn með fjögur börn, börnin voru fljót að sýna það að þau eru fullfær um að fara í göngutúra og sanna það fyrir okkur starfsmönnum að vanmátturinn lá í raun hjá okkur sjálfum. Við bættum okkur og fóru með þau í göngutúr í aðeins stærri hópum einu sinni í viku. Við skoðuðum náttúruna, týndum rusl og fórum með endurvinnanlegt efni í grenndargáma. Yfir svartasta vetrartímam þá féllu gönguferðirnar svolítið niður sem og á meðan mesta hálfan var. Á næsta ári munum við taka útikennsluna fastari tökum og vera duglegri frá upphafi.

Endurmat deildarinnar fór fram á deildarfundum og þeir starfsmenn sem mættir voru tóku þátt í að deila sinni skoðun um hvað gekk vel og hvað við getum gert betur. Við höfum ekki tekið sérstaklega fyrir endurmat með börnunum á þessari deild en þau fá val daglega, þar sem þau fá að velja hvaða leikföng þau vilja leika með. Þau taka þátt í að velja mat á matseðil mánaðarins en það hefur það oft reynst þrautinni þyngri því þeim finnst allur matur góður.

Þegar horft er yfir farinn veg þá áttum við mjög gott ár á Furulundi, starfsmennirnir ólíkir en samheldnir og styrkleikar hvers og eins fengu að njóta sín í starfinu. Sem nýr deildarstjóri á síðasta ári var gott að fá að kynnast starfinu á Hálsaskógi, þegar ég kom inn í starfið var markmið mitt einfalt að taka á móti þessum krílum og hlúa að þeim gefa þeim öruggan stað þar sem þau geta dafnað og þroskast. Ég sé núna fleiri tækifæri til að efla mig og þróast í mínu starfi sem deildarstjóri og ég hlakka til að takast á við næsta skólaár.



Umbótaþættir Furulundar	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tímaáætlun	Ábyrgðaraðili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
<b>Hvað þarf að bæta?</b>	Að hverju er stefnt?	Hvernig framkvæmum við það?	Hvenær hefst og hvenær lokið?	Hver ber ábyrgð? Hver framkvæmir?	Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýnih ópur, safna gögnum)	Viðmið er gæðalýsing og /eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði.
<b>Útikennsla</b>	Að öll börn fari í útikennslu amk. 1 sinni á tveggja vikna tímabili Eftir því sem börnin eldast er hægt að fara oftar. Stefnum að einu sinni í viku eftir áramót	Fara í ferðir með litlir hópar (4-6) með tveim starfsmönnum Ákveða strax í upphafi skólaárs hverjir eiga hvaða dag og fylgja því.	Ágúst 2019 – Maí 2020	Allt starfsfólk á deildinni ber sameiginlega ábyrgð á framkvæmd.	Við metum árangur á deildarfundum Setjum upp skjal og merkjum inn dagsetningar og hóp barnanna sem fara í ferðina hverju sinni.	Við stefnum að því að börnin þekki nærumhverfi sitt, nái færni í að ganga saman í hóp, fá áhuga á náttúrunni og útikennslu.
<b>Sjónrænt dagskipulag</b>	Að börnin fái skýrari mynd af dagskipulaginu	Með því að setja upp daginn myndrænt fyrir börnin og fara yfir daginn með börnunum fyrir hádegi og eftir hádegi í samverustundum	Ágúst 2019 – Júlí 2020	Allt starfsfólk á deildinni ber sameiginlega ábyrgð á framkvæmd.	Við metum árangurinn á deildarfundum	Að börnin nýti sér þetta til þess að sjá hvað er í gangi yfir daginn og hvað gerist næst.
<b>Markviss málörvun</b>	Auka færni og þekkingu barnanna á fjölbreyttan hátt í vinnustundum eftir kaffi sem og í minni	Við skipuleggjum tvennskona áætlan sem róterast á milli daga og skiptum um	Ágúst 2019 – maí 2020	Allt starfsfólk á deildinni ber sameiginlega ábyrgð á framkvæmd.	Við metum árangurinn á deildarfundum	Við viljum sjá góðan orðaforða og betri hugtaka skilning. Gefur okkur tækifæri til

Stöðvavinna /þemavinna	hópum fyrir hádegi.	verkefni mánaðarlega. Sérstök vinnustund með Lubba fyrir hádegi þegar við erum með salinn þá er hluti í salnum og hluti að vinna með Lubba. Hin börnin í frjálsum leik svo róterast hóparnir				að grípa fyrir inn í hjá þeim börn sem eiga í erfiðleikum með málið .
	Markviss vinna með ákveðin hugtök / þemu	Við höfum ákveðið þema fyrir mánuðinn en hver deild útfærir sína vinnu með börnunum. Fastar stundir eftir kaffi.	Ágúst 2019 – maí 2020	Allt starfsfólk á deildinni ber sameiginlega ábyrgð á framkvæmd.	Við metum árangurinn á deildarfundum	Stöðvavinna sem var til staðar í vetur tókst illa upp en með því að festa hana eftir kaffi á sama tíma og hefðbundin fínhyfingar stundir hafa verið og fjölga verkefnum um helming þá vonum við að ná fram markvissari vinnu.

### Stutt greinargerð deildarstjóra Reynilundar

Aðlögun síðastliðið haust gekk vel. Á deildinni eru 20 börn, við fengum 19 ný börn og þar af 10 annars staðar frá. Haustið fór í að kynna börnunum og gera ýmis haustverkefni. Eftir áramót byrjuðum við

að vinna þemaverkefni sem við sýndum á skógardeginum (opinn dagur) í apríl. Þar var m.a. unnið með ljóðið „Krummi svaf í klettagjá“ og endurnýtingu. Út frá umbótaráætlun síðasta árs máttum við það þannig að þær breytingar sem gerðar voru á skipulagi föstudagsfjörðsins hefðu heppnast vel. Börnin eru sérlega ánægð með föstudagsfjórið og njóta sín vel samkvæmt endurmati með þeim. Við teljum okkur hafa unnið vel með þann sundurleita hóp sem var í Reynilundi í vetur en það er gleði og öryggi barnanna sem sýnir okkur það.

Útivera. Okkur finnst að skipulagið sem gert var síðast vetur hafi virkað vel. En það má leggja meiri áherslu á að það gildi allan daginn líka síðdegis. Að hausti meðan aðlögun nýrra barna stendur yfir þarf að hafa sérstakt skipulag úti, sem felur í sér að Furulundur þurfi sem minnst að hafa áhyggjur af öðrum deildum og að við þösum uppá að nóg sé af starfsfólki á útisvæðum. Hvað Reynilund varðar að fyrsti útistarfsmaður fari út um leið og 3-4 börn eru tilbúin. Þetta léttir á fataklefanum og gefur börnunum færi á að æfa sig í að klæða sig sjálf.

Leikstund í fataklefa í hádegi. Í ljós kom við endurmat með börnunum að þeim þykir erfitt að leika sér þar öll að lokinni sögustund. Það eru þau börn sem ekki sofa. Þegar starfsmaður kemur úr mat er hægt að bjóða hluta þessara barna inn á deild og sjáum við þá fyrir okkur að hægt væri að vera með spilastund eða einhver önnur róleg verkefni. Þetta á einkum við þegar fleiri börn hætta að sofa og álagið á börnin eykst.

Stöðvavinna. Hefur ekki alltaf gengið vel. Það eru einhæf verkefni og börnin verða fljótt leið. Sjáum frekar fyrir okkur að vera með ákveðin þemu og vinna markvissara að þeim.



Umbótaþættir Reynilundur	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tímaáætlun	Ábyrgðaraðili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
<b>Hvað þarf að bæta?</b>	Að hverju er stefnt?	Hvernig framkvæmum við það?	Hvenær hefst og hvenær lokið?	Hver ber ábyrgð? Hver framkvæmir?	Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýnihópur, safna gögnum)	Viðmið er gæðalýsing og /eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði.
<b>Útivera</b>	Að auka öryggi barnanna með fleiri og virkari starfsfólki.	-sérstakt skipulag að hausti v/aðlögunar. -ítreka að starfsfólk fari eftir skipulagi. -fyrsti starfsmaður fer út þegar 3-4 börn eru tilbúin.	Alltaf þegar útivist er.	Deildastjórar, starfsmenn.	Umræður á deildarfundum / ræða líka á deildastjórufundum 1x í mánuði.	Starfsfólkið rækir starf sitt af fagmennsku, alúð og samvirkun. Börn njóta.
<b>Stöðvavinna</b>	Allir séu öruggir með hvað þeir eigi að gera. Áhugi barnanna njóti sín.	Skipuleggja þemaverkefni sem auðvelt er að víkka út eftir áhuga barnanna. Ein stöð vinnur markvisst að þemaverkefni.	Frá október og fram að Skógardegi í apríl.	Allir starfsmenn	Umræður á deildarfundum einu sinni í mánuði. Endurmeta með börnunum í apríl (demantaaðferð)	Jákvæð upplifun barna og starfsmanna. Tekur tillit til þarfa og áhugasviðs barnanna.
<b>Leikstund í fataklefa í hádegi</b>	Að börnunum líði vel og að stundin verði ekki of löng.	Þegar starfsmaður nr. 2 kemur úr kaffi býður hann um 4 börnum inn á deild í skipulagða stund.	Önnur hver vika þegar deildin á ekki sal.	Deildastjóri og starfsmenn.	Á deildarfundum og eftir þörfum.	Að börnin njóti sín betur.



## Stutt greinargerð deildarstjóra Lerkilundar

Dagskipulag gekk mjög vel. Við höfðum endurmat ársins 2018 til hliðsjónar við skipulagningu þess og erum við sammála um að vel hafi tekist til við úrbætur. Við náðum okkar markmiðum að langmestu leyti, lestrarstundir voru að minnsta kosti 2x á dag og söngstund tvisvar sinnum. Við höldum áfram með samkomulag fyrri vetrar þar sem við höfðum sammælt um það í samráði við aðrar deildir að útivera væri í raun aldrei val, nema ef veðrið væri það slæmt að ekki væri hægt að bjóða börnunum upp á útiveru. Útivera náðist því að minnsta kosti einu sinni á dag, oftast ef veður leyfði.

Listakennsla var stórbætt frá fyrra ári. Við nýttum Listalund miklu betur og markvissar í vetur og afraksturinn ber þess merki.

Að okkar mati var málörvun frekar ómarkviss á fyrra ári en við höfum tekið hana fastari tökum, einkum þó „maður á mann“ í stað hópavinnu. Við jukum einnig mjög frjálsan lestur bóka. Það gafst vel að vera með 2 stórar körfur af allskyns bókum sem börnin gátu valið að skoða þegar það var í boði. Þá velja þau ýmist að sitja í sófanum að fletta, sitja við borð eða á púðum á mottu.

Stöðvavinna átti það til að detta út en það var þá yfirleitt þegar við völdum að fara frekar með börnin út. Eins og minnst var á áður erum mjög meðvituð um að kíkja á veðurspána og haga útiveru eftir henni. Ef spáð hefur verið slæmu veðri eftir hádegi höfum við þá beðið með stöðvavinnu og snúið við liðum í dagskipulagi.

Vinna með fínhyfingar fór skipulega fram í stöðvavinnu en einnig fyrst á morgnana og eftir síðdegiskaffi. Setið er þá í þremur hópum, einn við hvert borð og unnið með það sem við höfum talið vera mesta þörf á. Við rúllum með púsl, perlur, pinna, klippa blöð, litla og stóra plúskubba og litla lego kubba o.fl.



Líkt og í fyrra fór útikennslan fór að mestu fram í gönguferðum hausts og vors en lá að mestu niðri í mesta kuldanum í vetur. Umhverfismennt fór aðallega fram í umræðum tengdum „góða ruslinu“ (moltu), ræktun plantna í krukum og útikennslu. Í útikennslu lögðum við áherslu á að veita nærumhverfinu athygli, hljóðum sem við heyrum, dýrum sem við sjáum sem og gróðri. Einnig höfum við stungið upp matjurtagarðinn okkar, sáð fræjum, vökvað og hent garðúrgangi. Farið var í gönguferð þar sem við plokkuðum, „rannsókuðum“ því næst ruslið, ræddum hvar það ætti heima og hentum því svo í ruslatunnu.

Viðburðir vetrarins gengu að allra mati ágætlega fyrir sig. Breytt tímasetning þeirra frá því í fyrra kom vel út og var það samróma álit starfsmanna og foreldra að viðburðir sem tímasettir eru síðari part dags gangi almennt betur. Í samtölum okkar við foreldra og aðra aðstandendur barnanna eru þau líka mjög ánægð með þessa breytingu.

Skráning endurmats gekk vel og náðum við að skrá endurmat fljótt og vel eftir viðburði en það var á úrbótaáætlun frá fyrra ári að stytta tímann sem leið á milli viðburða og endurmats.

Endurmat með börnunum fór fram með demantsaðferð í litlum hópum en við teljum þá aðferð gagnast okkur best þegar við viljum ná fram þeirra skoðunum á starfinu. Þá sjá þau myndrænt viðfangsefnið og fá að tjá sínar skoðanir á því. Börnin fá auk að kjósa rétt á matseðil annan hvern mánuð og hafa þannig áhrif á hvað matráðar bjóða upp á. Umhverfismat var gert með börnunum og var þá farið yfir þætti sem lúta að stöðu umhverfismála.

Við höfum haft það að leiðarljósi að hlusta á þeirra raddir hvað varðar val á verkefnum og reynum við hvað við getum að taka tillit til þeirra óska þar sem því verður við komið.

Umbótaþættir Lerkilundur	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tímaáætlun	Ábyrgðaraðili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
<b>Hvað þarf að bæta?</b>	Að hverju er stefnt?	Hvernig framkvæmum við það?	Hvenær hefst og hvenær lokið?	Hver ber ábyrgð? Hver framkvæmir?	Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýni hópum, safna gögnum)	Viðmið er gæðalýsing og /eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði.
<b>Útikennsla</b>	Útikennsla fyrir öll börn 1x í viku	Skiptum börnunum upp í hópa og förum í gönguferðir og notum garðinn okkar	Júní 2019 - júní 2020	Allt starfsfólk á deildinni ber sameiginlega ábyrgð á framkvæmd	Metum árangur á deildarfundum	Að börnin fái þjálfun og kennslu hvað varðar umgengni um náttúruna, þrautseigju, samheldni og lausn verkefna

Tónlistarkennsla	Tónlistarkennsla fyrir öll börn 1x í viku	Með því að kynna þeim fyrir tónlist, hljóðfærum og þjálfu í að hlusta á takt, t.d með klappi	Júní 2019 – júní 2020	Allt starfsfólk á deildinni ber sameiginlega ábyrgð á framkvæmd	Metum árangur á deildarfundum og í lokannar	Við munum horfa til þess hvort þau geti klappað í takt auk þess sem að þau geti þekkt í sundur helstu hljóðfæri. Þekki helstu tónlistarævin týri.
Hreyfistundir	Hreyfistundir fyrir öll börn 1x í viku	Skiptum börnunum í 2 hópa. Skipulögð hreyfing í sal, auk göngutúra, fótbolta úti þegar viðrar auk jógakennslu og slökunar	Júní 2019 – júní 2020	Allt starfsfólk á deildinni ber sameiginlega ábyrgð á framkvæmd	Metum árangur á deildarfundum og í lokannar	Geta þau mætt helstu viðmiðum um grófhreyfingar? Gangi eftir jafnvægislá, klifri og hoppi/hoppi á einum fæti.

### Stutt greinargerð deildarstjóra Birkilundar

Sögustundir og lestur: Hefur gengið mjög vel og sjáum við aukna færni hjá börnunum í að hlusta á bækur og vera með í lestrarstundum. Börnin hafa meiri skoðanir á því hvað þau vilja að lesið sé fyrir þau. Eins og með elstu börnin sem gera orðið kröfur á framhaldsbækur með fáum myndum í. Þetta var hlutur sem við þurftum að bæta inn á Birkilundi. Við lásúms oft með börnum í frjálsum tíma, börnin voru dugleg að koma með bók til kennara og biðja hann um að lesa og eftir smástund var kominn hópur til að hlusta. Við ætlum að halda þessu áfram næsta vetur og vonum að þessi áhugi barnanna fyrir lestri sé kominn inn í vegg deildarinnar.

Söngstundir: Söngstundir eru alltaf fyrir mat. Kennarar eru miklu duglegri að syngja með börnunum en áður og hefur það skilað sér því við heyrum hvað þau kunna orðið mikið af lögum, eru orðin miklu öruggari og njóta þess að syngja. Börnin hafa fengið að vera þátttakendur í því að velja hvaða lög eru sungin með kennara. Þá höfum við lagt inn lög og vísur í tónlistarstundum því þar vinnum við með



minni hópum og þau börn sem eru óörugg í stærri hóp ná að byggja upp öruggi til að syngja í söngstundum og vinafundum. Við ætlum að halda áfram á þessari braut, styrkja hvert annað í söngnum og vera dugleg að fara yfir og endurmeta söngstundir á deildarfundum. Markmið næsta vetrar er að endurmeta reglulega söngstundir með rýnihóp barna, hvaða lög þau vilja syngja og hvaða leiðir þau sjá til að gera söngstundir skemmtilegar og áhugaverðar fyrir allan barnahópinn.



Útivera: Gengur vel. Starfsfólk er meðvitaðra á hvaða svæði það á að vera og sinnir sínu svæði vel. Ef það eru tveir starfsmenn úti þá er annar starfsmaðurinn á rölti með börnunum eða sinna einhverri vinnu með þeim eins og til dæmis garðvinnu

Útikennsla: Fórum vel af stað og vorum með það skipulagt hvað ætti að gera, hvert ætti að fara og hvaða kennarar væru að fara. Í desember fjaraði undir henni, mikið var að gera í sambandi við jóla og veður var leiðinlegt. Ætluðum að taka okkur á í janúar en veður var oft vont og létum við það því miður hafa áhrif á útikennsluna, svo það var sjaldan farið. Fórum aftur af stað í febrúar vorum lengi að koma okkur í gírinn en með hækkandi sól og betra veðri höfum við verið duglegri í útikennslunni. Þegar fór að vora fórum við að hafa börnin meira með í ráðum um hvert við ættum að fara og hvað þau vildu gera í útikennslu. Það kom til dæmis fram sú hugmynd hjá börnunum að heimsækja alla leikvelli hér í hverfinu og svo auðvitað er búið að skoða þá alla. Og meta hver þeirra er skemmtilegastur og sitt sýnist hverjum. Við ætlum að taka útikennslu aftur næsta vetur og gera hana markvissari, hafa börnin meira með í ráðum hvað við eigum að gera og hvert við viljum fara. Bæði kennarar og börn meta útikennsluna reglulega, skrifa niður mat barnanna á útikennslunni, nota sjónrænt endurmat eins og demantsaðferðina einu sinni á önn.

Demantaaðferð/skriflegt endurmat: Við þurfum að vera duglegri að endurmeta starf okkar með börnunum svo þau sjái og finni að hlustað sé á raddir þeirra og að þau finni að þeirra skoðanir skipta



máli. Með því þekkjum við barnhópin betur og auðveldara verður fyrir okkur að gera allt starf inn á deildinni meira út frá áhugasviði þeirra. Við stefnum að því að gera einn demant í mánuði og skriflegt endurmat reglulega í vinnustundum og með rýnihópum fyrir og eða eftir viðburði sem eru í leikskólanum.

Uppeldi til ábyrgðar: Við ætlum að auka virðingu okkar hvert fyrir öðru með því að gera deildarsáttmála, skoða hvaða orðræðu við notum og hvað það er sem við viljum sjá, heyra og finna í okkar samskiptum. Okkur langar til að dýpka okkur í því svo við kennararnir séum betur meðvituð um styrkleika hvers barns og líka á hvað sviðum við þurfum að styrkja barnið. Við munum betur skilja þarfir barnanna þegar við vitum hvar styrkleikar þeirra liggja. Og börnin munu líka skilja að við séum jafn ólík og við erum mörg og þarfir hvers og eins eru mismunandi.

Vinnustundir: Skipuleggja þær vel næsta vetur því það verða þrjár árgangar á deildinni. Við viljum að þær séu settar upp þannig að allir fái notið þeirra eftir sinni getu. Getuskipta hópnum, hafa þá þau börn í minni hópum sem þurfa meiri aðstoð. Setja hópa niður að hausti, láta kennara rúlla á milli hópa svo kennarar nái að kynnst öllum börnunum í vinnu sinni í vinnustundum. Að búið sé að gera gróft skipulag um hvað á að vinna með börnunum og hvað færni viljum við ná frá hverjum hópi. Að börnin meti reglulega hvað þeim finnst um vinnustundir og fá hugmyndir hjá þeim hvað þau vilja gera í vinnustundum

Spila með börnunum: Hafa spilastund þar sem allir spila eins og t.d eftir síðdegishressingu. Að kennarar séu duglegri á deildartíma að bjóða börnunum að koma með spil og spila. Að bjóða börnunum að koma með spil að heiman, hafa spiladag þar sem öll börn eru hvött að koma með spil að heiman.

Umbótaþættir Birkilundur	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tímaáætlun	Ábyrgðaraðili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Hvað þarf að bæta? Útikennsla	Að hverju er stefnt? Hvert barn fari í útikennslu í viku	Hvernig framkvæmu m við það? Skipta þeim upp í minni hópa, 3-5 börn á kennara. Gera áætlun á tveggja	Hvenær hefst og hvenær lokið? September 2019 – Júlí 2020	Hver ber ábyrgð? Hver framkvæmir? Starfsmenn deildar	Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýni hópur, safna gögnum) Umræður á deildarfundum. Endurmeta annan hvern	Viðmið er gæðalýsing og /eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði. Börnin læra að bera

		mánaða fresti. Finna leiðir og markmið.			mánuð. Endurmat barna: börnin komi með hugmyndir og leiðir með hvað á að gera í útikennslu.	virðingu fyrir náttúru og umhverfi sínu og fá tækifæri til að njóta og upplifa. Að börnin fái að fást við verkefni sem vekja forvitni þeirra og hvetja þau til gagnrýnnar hugsunar, rannsókna og kannana.
<b>Demantaaðferð /skriflegt endurmat</b>	Að börnin hafi meiri áhrif á umhverfi sitt og nám sitt í leikskólanum. Þannig að þau upplifi að þeirra sjónarmið og skoðanir skipti máli.	Fundur með börnunum þar sem þau fá tækifæri til að meta ákveðna þætti í starfi leikskólans sjónrænt. Börnin meta ákveðna þætti og kennari skráir niður þeirra hugleiðingar og mat.	September 2019 – júlí 2020	Allir starfsmenn deildarinnar bera ábyrgð á því að gera reglulega demant með börnunum. Skriflegt endurmat í vinnustundum og rýnihópum	Endurmeta reglulega á deildarfundum. Endurmeta reglulega með börnunum.	Börnin fái betri yfirsýn yfir hvað leikskólinn hefur upp á bjóða í starfi og leik. Að börnin finni að þau geti haft áhrif á umhverfi sitt. Að börnin segi í lok skólaársins við og kennararnir ráðum saman en ekki kennararnir ráða.
<b>Uppeldi til ábyrgðar</b>	Auka jákvæð samskipti allra í leikskólanum. Fá jákvæða og uppbyggjandi	Gera Y spjald með börnunum. Skipta börnunum upp í fjóra	September 2019 -júlí 2020	Allir starfsmenn deildarinnar bera ábyrgð á því að tileinka sér jákvæð samskipti og	Kennarar og börn meti reglulega hvernig gengur að fara eftir	Að þetta hjálpi börnunum til að finna sínar sterku hliðar og læri

	<p>orðræðu allra í leikskólanum</p>	<p>hópa. Koma saman og búa til deildarsáttmála fyrir deildina upp úr Y spjöldunum sem miða að því að öllum líði vel á deildinni. Fara yfir hvað eiginleikar þeir hafa sem eru stjarna, blaðra, fiðrildi og hjarta. Börnin búi þetta til og staðsetji sig þar sem þau telja sig vera.</p>		<p>orðræðu við hvort annað og börnin.</p>	<p>deildarsáttmálanum. Ræða og rýna í hvaða eiginleika hafa hjarta, stjarna, fiðrildi, blaðra og börnin endurmeti hvar þeirra persónuleiki er.</p>	<p>að þekkja sitt sjálf. Að kennarar fái betri yfirsýn og skilning á hæfni og getu hvers barns.</p>
<p><b>Vinnustundir</b></p>	<p>Vinnustundir séu skipulagðari til að ná betri samfellu í hljóðkerfisvitund og læsisnámi barna Að allir hópar taki Lubbi finnur málbein einu sinni í viku</p>	<p>Skipulega vinnustundir í byrjun annar og finna verkefni er víkka út áhugasvið barnanna í mál og læsi. Vinna markvist að eflingu læsis í víðum skilningi s.s. á umhverfi, samskipti, tákni,</p>	<p>Ágúst 2019 – desember 2019 Janúar 2020 – maí 2020</p>	<p>Allir starfsmenn deildarinnar Starfsmenn noti hluta af sínum undirbúning til að fara yfir vinnustundir síns hóps.</p>	<p>Umræður á deildarfundum einu sinni í mánuði eða eftir þörfum. Endurmeta reglulega með börnunum í hverjum hóp hvað þau vilja gera í vinnustundum.</p>	<p>Að starfsfólk hafi betri yfirsýn yfir hæfni allra barna þannig að þeir geti gripið fyrir inn ef barn þarf meiri örvun í mál og læsi</p>



Spila með börnunum		myndmál, ritmál og tölur				
	Spila með öllum börnum tvisvar til þrisvar í viku.	Skipta þeim upp í minni hópa. Að kennari og börn hjálpist að því að finna spil sem hópnum langar til að spila. Börnin komi með spila að heiman	Ágúst 2019 – Júlí 2020	Kennarar og börn	Umræða á deildarfundu m einu sinni í mánuði. Setjast líka með börnunum og fá þeirra álit hvaða spil þau vilja spila. Þegar spilum er skipt út að fá nokkur börn með til að velja spil fyrir næsta mánuð.	Börnin fá tækifæri til að tjá sig og eiga samskipti í gegnum spil og þróa þar með sér samkennd, biðlund og hæfni til að lesa í umhverfi sitt

### Stutt greinargerð deildarstjóra Grenilundar

Dagskipulagið var mjög gott, við lögðum mikla vinnu í upphafi hausts við að aðlaga það með tilliti til hinna deildanna, t.d. varðandi Listalund, ÍR íþróttir og hreyfistundir. Það hefur haldið vel utan um starfið okkur í vetur og við höfum eftir fremsta megni fylgt því vel eftir. Í framhaldi af því og fyrst af öllu langar okkur að nefna nokkur atriði sem við erum stoltar af eftir veturinn.

Sögustundir: Við skiptum börnunum í tvo hópa og fleiri ef hægt var. Hvað varðar eldri hópinn þá hefur það verið einstaklega gaman að lesa fyrir þau, áhugi þeirra hefur vaxið með hverjum mánuði og þau eru svo opin og meðtækileg fyrir söguþræðinum og framgangi sögunnar hverju sinni, spurul og forvitin. Hvað varðar yngri hópinn þá höfum við reynt að skipta honum upp eftir fremsta megni og valið sögur við hæfi og efni sem passar og gaman að segja frá því að öll hlustun og virkni hefur tekið góðum framförum.

Föstudagsfjör: Það hefur alltaf verið vel undirbúið og það sem hefur meðal annars verið í boði er heimagerður leir, bókstafir til að móta leirinn á ( fjölnota), ljósaborðið með bókstöfum og formum,

púsluspil og ýmislegt annað skemmtilegt. Börnin hafa unað sæl og glöð en auðvitað eru sum svæði meira spennandi en önnur t.d. holukubbar.

Deildarsáttmálinn 2018-2019: Öll umræðan og vinnan í kringum gerð sáttmálans tók langan og góðan tíma. Börnin voru ótrúlega hugmyndaþekkt og virk um það sem þau vildu að kæmi fram í sáttmálanum. Þann 20. nóvember á alþjóðlegum degi barna/ Barnasáttmála SP. luku þau við gerð deildarsáttmálans fyrir deildina, sem byggir á uppbyggingarstefnunni, Uppeldi til ábyrgðar. Áður höfðu börnin komið sér saman um hvað þau vilja heyra, finna og sjá á deildinni. Að þessu sinni sá elsti hópurinn um útfærsluna.

Vinnustundir: Við höfum verið duglegar að skipta yngri börnunum í hópa eftir aldri og getu og stundirnar hafa verið nýttar mjög vel. Áhersla hefur verið lögð á að styrkja fínhyrfingar og börnunum hefur fleygt fram, við að klippa og lita, að vinna með form og liti ásamt að sjálfsögðu mikilli og góðri málrækt. Eldri hópurinn hefur verið mjög duglegur í alls kyns verkefnavinnu og læsi í sinni víðustu mynd, bókstafir, fyrsta hljóð í orði, að ríma, að vinna með tölur og form ásamt mikilli málrækt.



Listalundur: Við nýttum tímann mjög vel fyrir skapandi starf í Listalundi miðað við dagskipulagið. Samkvæmt skipulaginu fóru öll börnin í Listalund 1x í viku og flest 2x í viku og stundum oftár. Þau voru alltaf glöð og ánægð að fara í Listalund og mjög áhugasöm, skapandi og virk í allri listsköpun.

Umbótaáætlun: Þrátt fyrir gott deildarskipulag og gott samstarf starfsfólks á milli þá höfum við ekki náð að fylgja umbótaáætluninni eftir eins og hún var ákveðin og þá viljum við helst nefna stöðvavinnuna. Við ætluðum okkur allt of mikið að hafa stöðvavinnu 2-3 í viku, það gekk ekki eftir sökum annarra verkefna s.s. ÍR íþróttir, hreyfistundir og deildarfundir. Einnig sáum við það fljótt að stöðvavinna svona oft í viku var á kostnað frjálsa leiksins. Innihald stöðvavinnunnar var í sjálfu sér í góðu lagi, t.d. málræktarverkefni af ýmsum toga, stafakubbar, sögugrunnur, spil og einingakubbar.

Við teljum núna að æskilegra hefði verið að fá hugmyndir barnanna og tillögur, það vitum við eftirá og viljum nálgast stöðvavinnuna með þeim hætti á komandi skólaári.

Ferilmöppur: Að okkar mati höfum við að hluta til staðið okkur vel með ferilmöppurnar, þá sérstaklega með eldri hópinn. Það hallar frekar á yngri hópinn, þá helst hvað varðar skráningar.

Umbótaþættir Grenilundur	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tímaáætlun	Ábyrgðaraðili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
<b>Hvað þarf að bæta?</b>	Að hverju er stefnt?	Hvernig framkvæmum við það?	Hvenær hefst og hvenær lokið?	Hver ber ábyrgð? Hver framkvæmir?	Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýni hópur, safna gögnum)	Viðmið er gæðalýsing og /eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði.
<b>Stöðvavinna / Þemavinna</b>	Við viljum fá hugmyndir barna um hvaða verkefni þau vilja vinna í þemavinnu hverju sinni.	Í vinnustund fá börnin tækifæri til að tjá sig um hvað þau vilja gera í þemavinnu hverju sinni og samtvinnum það við vinnustundir, listalund og fleiri stundir sem gefast í leikskólanum.	Sept. 2019- apríl 2020.	Allt starfsfólkið ber ábyrg og framkvæmir.	Við endurmetum með börnunum í vinnustund og starfsfólki á deildarfundum 1x í mánuði.	Börnin fá tækifæri til að taka þátt í fjölbreyttum viðfangsefnum sem vekja forvitni og áhuga þeirra.
<b>Ferilmöppur</b>	Vera vakandi fyrir að setja reglulega inn skráningar og myndverk barna.	Að börnin fái að velja þau verkefni sjálf sem fara í ferilmöppur.	Skólaárið 2019- 2020	Deildarstjóri og hópstjórar	Endurmetum á deildarfundum jafnóðum.	Börnin fá tækifæri til að þróa sig í lýðræðislegum vinnubrögðum.
<b>Lubbi</b>	Að vinna markvisst að málþroska barna.	Í skipulögðum lubbastundum þar sem við leggjum áherslu á hljóð og tákn og fylgjum Lubba eftir á	Sept.-nóv. 2019. Janúar- apríl 2010	Deildarstjóri og allt starfsfólk	Endurmetum á deildarfundum	Markviss leið að læsi í sinni víðustu mynd.



### Stutt greinargerð deildarstjóra Víðilundar

Síðasta haust var sett upp nýtt dagskipulag sem við á deildinni vorum mjög ánægð með. Lubbastund, útikennsla, listastundir, tónlistarstundir, hreyfistundir og stöðvavinna, frjáls leikur og samverustundir voru festar í dagskipulagið og það gekk almennt vel að fylgja því eftir.

Morgunsamvera alla daga: Síðasta haust settum við okkur það markmið að hafa morgunsamveru alla daga og nýta þær stundir m.a. í málörvun og að efla læsi á deildinni. Það gekk vel að lesa fyrir börnin daglega og börnin komu oft sjálf með bækur sem við lásум fyrir þau. Við ætlum að halda áfram að leyfa börnunum að hafa áhrif á hvaða bækur eru lesnar í samveru.

Styrkleikar: Lesið er fyrir öll börn daglega og börnin fá að hafa áhrif á hvaða bækur eru lesnar.

Útinám: Við settum okkur það markmið að öll börn á deildinni færu að minnsta kosti einu sinni í viku í skipulagt útinám. Við skiptum hópnum í tvennt eftir aldri og fórum í ýmsar ferðir með börnin í nærumhverfinu en við náðum þó ekki að skipuleggja útinámið eins vel og við vildum. Í maí fengum við börnin til þess að meta útinámið með demantsaðferðinni og í ljós kom að börnunum fannst skemmtilegast að fara í heimsókn á skólalóðina í Ölduselsskóla. Leiðinlegast fannst þeim að fara í grenndargámana sem kom okkur svolítið á óvart þar sem þau eru oftast mjög spennt að fara þangað og fá að halda á pappír og plasti. Við ræddum þá við börnin um hvað það væri sem þeim finndist leiðinlegast að gera og í ljós kom að þeim fannst erfitt að bíða þangað til að röðin kom að þeim til að henda í gámana. Við leituðum þá eftir hugmyndum að lausn með börnunum og ákveðið var að næst myndi helmingur hópsins leika sér á skólalóðinni í grennd við gámana á meðan hinir myndu setja í gámana.

Styrkleikar: Börnin fengu tækifæri til þess að njóta að vera úti í náttúrunni og kynna nærumhverfinu. Okkur fannst mikilvægt að fá mat barnanna á útinámi en út frá því getum við skipulagt útinámið meira út frá áhuga barnanna. Við gátum til dæmis breytt ferðunum í grenndargámana en okkur finnst mikilvægt að börnin hafi ánægju af því að endurvinnna enda er endurvinnsla stór hluti af starfi leikskólans.

Tækifæri til umbóta: Ákveðið hefur verið að setja útinám aftur í umbótaáætlun og leggja áherslu á að fara í skipulagt útinám og tengja það betur verið starfið á deildinni eins og til dæmis Lubba og fl.

Stöðvavinna: Við settum okkur það markmið að vera með stöðvavinnu einu sinni í viku á deildinni. Tilgangur stöðvavinnu er að börnin vinni út frá áhuga sínum og öðlist hugarflæði. Þegar við byrjuðum með stöðvavinnu komumst við fljótt að því að tíminn sem við höfðum samkvæmt dagskipulaginu var og stuttur. Við breyttum því tímanum en það gekk erfiðlega að festa stöðvavinnuna í dagskipulagið.

Styrkleikar: Þrátt fyrir að við höfum ekki náð að hafa stöðvavinnu fasta í haust fengu börnin samt ýmis tækifæri til að öðlast hugarflæði og þá sérstaklega í þemaverkefnum þar sem þau höfðu nægan tíma til að vinna ýmis verkefni, t.d. fyrir skógardaginn.

Tækifæri til umbóta: Ákveðið hefur verið að hætta með stöðvavinnu og einblína á hugarflæði í öðrum stundum,



Það sem við ætlum að leggja áherslu á og höfum sett í umbótaáætlun fyrir næsta haust er að öll börn fari í skipulagt útinám einu sinni í viku og tengja útinámið betur við starfið í leikskólanum. Við ætlum að leggja áherslu á að öll börn fari daglega í fjölbreyttar vinnustundir þar sem unnið er m.a. með hljóðkerfisvitund, málörvun, fínhyrfingar og fleira og að grænálfar fái að velja viðfangsefni vinnustunda einu sinni í viku. Við ætlum að leggja aukna áherslu á markvissa málörvun tvítyngdra barna, efla orðaforða og nota „gefðu 10“ markvisst á deildinni.



Umbótaþættir Víðilundur	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tímaáætlun	Ábyrgðaraðili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
<b>Hvað þarf að bæta?</b>	Að hverju er stefnt?	Hvernig framkvæmum við það?	Hvenær hefst og hvenær lokið?	Hver ber ábyrgð? Hver framkvæmir?	Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýni hópur, safna gögnum)	Viðmið er gæðalýsing og /eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði.
<b>Útinám</b>	Að öll börn fari í skipulagt útinám 1x í viku. Tengja útinámið betur við starfið okkar (t.d. Lubba og fl.)	Höldum útinámi dagskipulagi. Skiptum börnunum í tvo hópa. Útinám skipulagt í undirbúningstí- mum.	Hefst 1. September og er allt árið	Allir starfsmenn á deild bera ábyrgð. Tveir starfsmenn sjá um útinám eina viku í senn og sjá um skipulagningu.	Taka myndir í útinámi og börnin meta útinám í lok annar (demantsaðf erð) Skráningarbó- k (starfsmenn skrá hvað gert er í útinámi)	Að börnin kynnist nánasta umhverfi leikskólans og náttúrunni í kring auk þess sem þau læra að bera virðingu fyrir náttúrunni.
<b>Málörvun tvítyngdra barna</b>	Að öll tvítyngd börn fái málörvunarstun- d 2x í viku þar sem einblínt er á að efla orðaforða. Nota „gefðu 10“	Börnin fara í litlum hópa í markvissar málörvunarstu- ndir. Stuðst við orðaforðalista mms. Fjölbreyttar aðferða (lesa, spila, ipad). Nota gefðu 10 reglulega með öll tvítyngd börn.	1.sept og er allt árið.	Deildarstjóri hefur yfirlit og sjón en allir starfsmenn á deild framkvæma.	Skráningarbl- öð um málörvunars- tundir til að fylgjast með hvort við séum að ná viðmiðum	Metum framfarir barna á listanum staða- framfarir- framhald

<b>Vinnustundir</b>	Að börnin fari daglega í fjölbreyttar vinnustundir (málörvun, fínhyringar, tölur, form, hljóðkerfisvitund, þemavinna).	Vinnustundir verða áfram daglega í skipulagi. Vinnum út frá ákveðnu þema 1-2x í viku. Grænálfar fá að velja hvað er gert 1x í viku	1.sept og er allt árið.	Allir starfsmenn sem sjá um vinnustundir á deildinni.	Rýnihópur barna 1x á önn (2-3 börn úr hverjum hóp)	Að starfsfólk fái betri yfirsýn yfir hæfni og geta barnanna. Að börnin fái tækifæri til að læra í gegnum leik og hafa áhrif á það sem er gert í vinnustundum.
---------------------	--	--	-------------------------	---	--	---

### 3 Ytra mat

Í byrjun árs var gerð viðhorfskönnun meðal starfsmanna á vegum Reykjavíkurborgar. Niðurstöður hennar voru afar ánægjulegar en ýmist hafði ánægja aukist eða staðið í stað.

Það er ánægjulegt að sjá að starfsmenn upplifa að það sé betri móttaka nýliða en árið 2018. Við viljum þó gera betur og stefnum á að hækka okkur enn frekar í þessum þætti á næsta ári. Þá mældist ekkert einelti eða áreitni og náðum við því markmiði okkar sem við höfðum sett okkur frá því að síðasta könnun var gerð en það var að útrýma öllu einelti og áreitni.



Viðhorfskönnun til foreldra var einnig framkvæmd á vormánuðum. Niðurstöður hennar voru einnig góðar en heildaránægja foreldra með leikskólstarfið var 5,0 sem getur ekki orðið hærra. Foreldrar voru jákvæðir í ummælum sínum um leikskólann og frammistöðu hans. Það var þó eitt atriði sem við þurfum að skoða en það skoraði lægst. Foreldrum finnst lítið leitað til þeirra eftir tillögum og hugmyndum en það fékk 3,75 stig. Það virðist samt vera almennt álit

foreldra í Reykjavíkurborg en meðaltal yfir alla borgina var 3,15 stig. Við munum engu að síður skoða hvernig við getum bætt okkur í þessum þætti og að sjálfsögðu að vinna að því að halda við þeim góða árangri sem við höfum náð.

Umbótaþættir Ytra mat	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tímaáætlun	Ábyrgðaraðili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
<b>Hvað þarf að bæta?</b>	Að hverju er stefnt?	Hvernig framkvæmu m við það?	Hvenær hefst og hvenær lokið?	Hver ber ábyrgð? Hver framkvæmir?	Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýni hópur, safna gögnum)	Viðmið er gæðalýsing og /eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði.
<b>Leita eftir tillögum og hugmyndum til foreldra</b>	Að foreldrar upplifi að það sé leitað til þeirra eftir tillögum og hugmyndum.	Sendum út kannanir til foreldra með opnum spurningum þar sem spurt er um einstaka viðburði.	Er alltaf í vinnslu.	Leikskólastjóri, aðstoðarleikskól astjóri, deildarstjórar.	Umræður á stjórnendafu ndum í desember og maí.	Foreldrum finnst þeir eiga hlutdeild í uppeldi og námi barna sinna í leikskólanum , tekið er tillit til óska þeirra og ábendingum frá þeim er vel tekið.
<b>Móttaka nýliða</b>	Að nýtt starfsfólk upplifi sig velkomið og fái nauðsynlega fræðslu í nýju starfi.	Verðum með upplýsinga- og leiðbeiningar samtöl við nýja starfsmenn einu sinni í viku fyrstu sex vikurnar í starfi þeirra. Leggjum áherslu á reglulega endurgjöf í daglega starfinu.	Er alltaf í vinnslu.	Leikskólastjóri, aðstoðarleikskól astjóri, deildarstjórar.	Samræður við starfsmenn um þeirra upplifun 12 vikum eftir að þeir hefja starf. Viðhorfskönn un starfsmanna Reykjavíkurb orgar 2020.	Starfsmenn eru öruggir í starfi sínu. Þeir skilja og samþykkja stefnu leikskólans og vinna markvisst að henni.

## 4 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla

Starfsþróunarsamtöl voru tekin við alla starfsmenn á tímabilinu janúar-júní 2019. Samtölin fóru fram á skrifstofu leikskólastjóra og reynt var að klára hverja deild fyrir sig þar sem endað var á samtali við deildarstjóra hverju sinni. Aðstoðarleikskólastjóri fór í síðasta samtalið.

Fræðsla og símenntun síðastliðið skólaár, stiklað á því helsta:

- Allir starfsmenn fóru á skyndihjálparnámskeið á skipulagsdegi.
- Allir deildarstjórar fóru á námskeið um innra mat.
- Allir starfsmenn fóru á námskeið í útikennslu á skipulagsdegi.
- Allir starfsmenn fengu jafnréttisfræðslu á skipulagsdegi.
- 14 starfsmenn fóru á ráðstefnu „Læsi í skapandi skólastarfi“ á Akureyri í september 2018 .
- Leikskólastjóri og einn deildarstjóri fóru á Nayec ráðstefnu í nóvember 2018.
- Tveir deildarstjórar fóru í Leiðtogaskóla fyrir deildarstjóra á vegum SFS.
- Leikskólastjóri var í forystunámi á vegum Reykjavíkurborgar.
- Einn starfsmaður fór á grunnnámskeið í einhverfu og skipulagt starf í leikskólum.
- Leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri fóru á ráðstefnuna „Jákvæð menntun í heilsuefandi skólastarfi“.
- Leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri fóru á ráðstefnuna „Flæði“ þar sem Dr.Mihaly Csikzentmihalyi ræddi um jákvæða sálfræði í skólastarfi.
- Aðstoðarleikskólastjóri og sérkennslustjóri fóru á fræðslufund SFS um fjölmenningu í leikskólastarfi.
- Trúnaðarmenn fóru á trúnaðarmannanámskeið.
- Einn starfsmaður var í námi leikskólaliða.
- Þrír starfsmenn voru í meistaranámi. Einn til leikskólakennara og tveir í „kennslufræði yngri barna grunnskóla“.
- Auk þessa voru fleiri fyrirlestrar og námskeið sem einn og einn starfsmaður sótti t.d. um Barnasáttmálann, útikennslustundir, læsi, tónlist, listir í skólastarfi, persónuvernd, menntastefnu o.fl.

Áætlun um símenntun í leikskólanum

- Líkamsbeiting
- Útikennsla
- Barnavernd
- Einingakubbar

- Kynning á mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar.
- Kynjafræði
- Málörvun
- Hópefli
- Einn starfsmaður fer á fagnámskeið 1 og einn fer á fagnámskeið 2.
- Einn starfsmaður mun sækja nám í leikskólaliða.
- Einn starfsmaður verður í leikskólaliðanámi.
- Einn starfsmaður verður í meistaranámi til leikskólakennara.
- Tveir starfsmenn verða í meistaranámi „kennslufræði yngri barna í grunnskóla“.

## 5 Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva

- **Áætlun um samstarf leik- og grunnskóla í Seljahverfi 2019-2020:**
  - **September:** Deildarstjórar elstu barna og umsjónarkennarar 1. bekkjar grunnskólanna hittast og ræða komandi skólaár, farið er yfir hvernig skólaheimsóknir gengu og þær endurmetnar. Einnig er farið yfir komandi samstarf á nýju skólaári. Skólastjórar hittast á samráðsfundi í byrjum september.
  - **Október:** Gamlir leikskólanemendur koma í heimsókn til okkar úr báðum grunnskólum.
  - **Nóvember:** Heimsóknir elstu barna okkar í grunnskólana í litlum hópum. Nemendur úr 7. bekk Ölduselsskóla koma og lesa fyrir allar deildir á Degi íslenskrar tungu.
  - **Febrúar:** Elstu börnin okkar fara í heimsókn tvö í grunnskólana.
  - **Mars:** Skólastjórnendur hittast til að ákveða sameiginlega skipulagsdaga fyrir skólaárið 2020-2021.
  - **Mái:** Elstu börnin okkar fara í heimsókn þrjú í grunnskólana. Leikskólinn skilar börnum til grunnskólanna.

Börnin í Hálsaskógi fara í heimsóknir í bókasafnið í Seljaskóla og fá þar fræðslu um bækur, ásamt því að hafa aðgang að þeim bókakosti sem þar er að finna. Á Degi íslenskrar tungu koma nemendur úr 7. bekk Ölduselsskóla og lesa fyrir börnin. Niðurstöður Hljóm-2 fylgja börnunum á milli skólastiga og í tengslum við verkefnið fá leikskólarnir niðurstöður úr læsisprófum sem framkvæmd eru í grunnskólanum á börnum í fyrsta bekk. Það hefur skapast sú skemmtilega hefð að farið er með elsta árganginn í sund í Ölduselslaug að vori í tengslum við ferðahópinn þeirra. Þá er farið með börnin í heimsóknir í frístundamiðstöðvar grunnskólanna en það eru ekki komnar tímasetningar á þær heimsóknir.



## 6 Foreldrasamvinna

- Foreldraráð Hálsaskógar er skipað sex fulltrúum sem kosnir eru á foreldrafundi að hausti. Leikskólastjóri heldur utan um foreldraráðið og boðar reglulega til fundar sem haldnir eru í lok dags.
- Foreldrafundur er haldinn að hausti í september/október og að morgni til. Leikskólastjóri, aðstoðarleikskólastjóri og deildarstjórar sitja þennan fund. Farið er yfir komandi skólaár og hverjar áherslur verða í starfinu. Auk þess fá foreldrar kynningu á foreldrahandbók og leikskóladagatalinu. Haldnir eru tveir fundir, einn fundur fyrir hvort hús. Kynningarfundur fyrir foreldra nýrra barna er að vori þar sem farið er yfir áherslur leikskólans sem og hvernig fyrirkomulag aðlögunar verður háttað.
- Foreldraviðtöl eru haldin tvisvar sinnum á ári. Fyrri viðtölin fara fram í nóvember og þar er farið yfir líðan barnsins. Í seinni viðtölunum sem fara fram í mars er farið í líðan og þroska barnsins. Foreldrar barna sem eru að byrja í Hálsaskógi eru alltaf boðin í fyrsta viðtal áður en vistun barnsins hefst. Í maí/júní eiga sér stað foreldraviðtöl fyrir foreldra þeirra barna sem eru að flytjast á milli húsa og deilda. Það viðtal sitja fráfarandi deildarstjóri barnsins og væntanlegur deildarstjóri
- Foreldrafélag er starfandi í Hálsaskógi og í félaginu sitja 5-6 fulltrúar og skipta þeir með sér verkum. Foreldrafélagið sér um að skipuleggja og halda utan um ýmsa viðburði. Félagið stendur einnig straum að ýmsum kostnaði s.s. leiksýningum, sveitaferð og jólaballi. Aðstoðarleikskólastjóri heldur utan um foreldrafélagið og situr fundi með þeim. Foreldrafélagið hittist til að funda þegar þörf er á, eins fara fram samskipti inn á lokuðum hóp á Fésbókinni.

## 7 Skipulagsdagar og leikskóladagatal

<b>Skipulagsdagar 2019-2020</b>	
<b>Föstudagur 4. október</b>	Heill skipulagsdagur. Sameiginlegur skipulagsdagur leik- og grunnskóla í Seljahverfi
<b>Miðvikudagur 27. nóvember</b>	Heill skipulagsdagur. Sameiginlegur skipulagsdagur leik- og grunnskóla í Seljahverfi
<b>Fimmtudagur 9. janúar</b>	Heill skipulagsdagur
<b>Föstudagur 7. febrúar</b>	Heill skipulagsdagur. Starfsfólk fer á leikskólaráðstefnu sem haldin er á vegum SFS
<b>Mánudagur 23. mars</b>	Heill skipulagsdagur. Sameiginlegur skipulagsdagur leik- og grunnskóla í Seljahverfi
<b>Fimmtudagur 7. maí</b>	Heill skipulagsdagur

ÁGÚST	SEPTEMBER	OKTÓBER	NÓVEMBER	DESEMBER	JANÚAR	FEBRÚAR	MARS	APRÍL	MAÍ	JÚNÍ	JÚLÍ
1 F	1 S	1 Þ	1 F	1 S Fullveldisdagurinn	1 M Nýársdagur	1 L	1 S	1 M	1 F Verkalýðsdagurinn	1 M Annar í hvítasunnu	1 M Hálsaskógur 9 ára
2 F	2 M	2 M	2 L	2 M	2 F	2 S	2 M	2 F Blár dagur	2 L	2 Þ	2 F
3 L	3 Þ	3 F	3 S	3 Þ Jólaferkastöði Borg	3 F	3 M	3 Þ	3 F	3 S	3 M	3 F
4 S	4 M	4 F Skipulagsdagur	4 M	4 M	4 L	4 Þ	4 M	4 L	4 M	4 F	4 L
5 M Frídagur verzlunarmanna	5 F	5 L	5 Þ	5 F Jólaferkastöði Kot	5 S	5 M	5 F	5 S Pálmasunnudagur	5 Þ	5 F	5 S
6 Þ	6 F	6 S	6 M	6 F	6 M Þrettándinn	6 F	6 F	6 M	6 M	6 L	6 M
7 M	7 L	7 M	7 F	7 L	7 Þ Rafmagnslaus dagur	7 F	7 L	7 Þ	7 F Skipulagsdagur	7 S Sjömannadagurinn	7 Þ
8 F	8 S Dagur læsis	8 Þ	8 F Baráttudagur gegn einelti	8 S	8 M	8 L	8 S	8 M	8 F Skipulagsdagur	8 M	8 M
9 F	9 M	9 M	9 L	9 M	9 F Skipulagsdagur	9 S	9 M	9 F Skirdagur	9 L	9 Þ	9 F
10 L	10 Þ	10 F	10 S	10 Þ Leikmynd	10 F	10 M	10 Þ	10 F Fóstudagurinn langi	10 S	10 M	10 F
11 S	11 M	11 F Bleikur dagur	11 M	11 M	11 L	11 Þ	11 M	11 L	11 M	11 F	11 L
12 M	12 F	12 L	12 Þ Dótadagur	12 F	12 S	12 M	12 F	12 S Páskadagur	12 Þ	12 F Sumarhátíð	12 S
13 Þ	13 F	13 S	13 M	13 F Jólaball	13 M	13 F	13 F	13 M Annar í páskum	13 M	13 L	13 M
14 M	14 L	14 M	14 F	14 L	14 Þ	14 F	14 L	14 Þ	14 F	14 S	14 Þ
15 F	15 S	15 Þ	15 F	15 S	15 M	15 L	15 S	15 M	15 F	15 M	15 M
16 F	16 M Grænn dagur, D. ísl. náttúr	16 M	16 L	16 F	16 M	16 F	16 M	16 F	16 L	16 Þ	16 F
17 L	17 Þ	17 F	17 S	17 Þ	17 F	17 M	17 Þ	17 F	17 S	17 M	17 F
18 S	18 M	18 F Fjölskyldukaffi kl. 15	18 M	18 M	18 L	18 Þ	18 M	18 L	18 M	18 F	18 L
19 M	19 F	19 L	19 Þ	19 F	19 S	19 M	19 F	19 S	19 Þ	19 F	19 S
20 Þ	20 F	20 S	20 M	20 F	20 M	20 F	20 F	20 M	20 M	20 L	20 M
21 M	21 L	21 M	21 F	21 L	21 Þ	21 F	21 L	21 Þ	21 F	21 S	21 Þ
22 F Skólasetning grunnskóla	22 S	22 Þ	22 F	22 S	22 M	22 L	22 S	22 M	22 F	22 M	22 M
23 F	23 M	23 M	23 L	23 M	23 F	23 S	23 M	23 F	23 L	23 Þ	23 F
24 L	24 Þ	24 F	24 S	24 Þ	24 F	24 M	24 Þ	24 F	24 S	24 M	24 F
25 S	25 M	25 F	25 M	25 M	25 L	25 Þ	25 M	25 L	25 M	25 F	25 L
26 M	26 F	26 L	26 Þ	26 F	26 S	26 M	26 F	26 S	26 Þ	26 F	26 S
27 Þ	27 F	27 S	27 M	27 F	27 M	27 F	27 F	27 M	27 M	27 L	27 M
28 M	28 L	28 M	28 F	28 L	28 Þ	28 F	28 L	28 Þ	28 F	28 S	28 Þ
29 F	29 S	29 Þ	29 F	29 S	29 M	29 L	29 S	29 M	29 F	29 M	29 M
30 F	30 M	30 M	30 L	30 M	30 F		30 M	30 F	30 L	30 Þ	30 F
31 L		31 F		31 Þ	31 F		31 Þ		31 S		31 F



## 8 Fylgigögn

8.1 Fylgiskjal 1 - Samantekt um sérkennslu/stuðning

8.2 Fylgiskjal 2 - Skipulagt starf vegna barna með annað móðurmál en íslensku.

8.3 Fylgiskjal 3 - Umsögn foreldraráðs

8.4 Fylgiskjal 4 – Jafnréttisáætlun Hálsaskógar

F. h. leikskólans Hálsaskógar

Ásgerður Guðnadóttir  
Leikskólastjóri

09.07.2019  
Dagsetning

## Fylgiskjal 1

### Samantekt um sérkennslu/stuðning

Í Hálsaskógi er fjölbreyttur barnahópur með allskonar ólíkar þarfir. Við viljum mæta hverju barni þar sem það er statt. Þegar grunur vaknar um frávík er rætt við foreldra og málið tekið fyrir á samráði við Þjónustumiðstöð Breiðholts og teknar ákvarðanir um inngrip.

Börn með stuðning:

Talsvert bættist í hóp þeirra barna sem nutu stuðnings í leikskólanum síðastliðinn vetur. Þrjú börn fengu úthlutað 6 tíma stuðning eða meira auk þess sem við fengum úthlutuðum minni stuðning fyrir nokkur börn í viðbót við þau sem áður höfðu fengið úthlutun. Við aðlöguðum tímafjölda barnanna við endurnýjun stuðningstíma að breyttum þörfum. Á vormánuðum nutu 10 börn stuðnings hjá okkur, með úthlutuðum 2 tímum og upp í 7 tíma. 10 starfsmenn sinntu þessum verkefnum með mismunandi hætti þó, þar sem sumir sinna einu barni en í öðrum tilfellum skipta starfsmenn með sér stuðningi við eitt eða fleiri börn og enn aðrir sinna öðrum verkefnum innan skólans samhliða sérkennslu. Við höldum áfram að sækja um stuðning fyrir börn sem uppfylla ekki öll skilyrði fyrir stuðning en vegna aðstæðna þurfa á honum að halda og fengu þann stuðning.

Áætlun um málörvun og snemmtæka íhlutun í leikskólanum

Í Hálsaskógi er málörvun stór þáttur í öllu daglegu starfi með börnunum og þá fyrir öll börn. Eins og gengur eru börn sem þurfa aukna málörvun og reynum við að mæta þeirra þörfum. Hálsaskógur notast við EFI-2 og Hljóm-2 ásamt TRAS til að leggja mat á málþroska barna. EFI & Hljóm eru lögð fyrir sem hluti af LÆM verkefninu sem er samstarfsverkefni allra grunnskóla og flestra leikskóla í Breiðholti og Þjónustumiðstöðvar Breiðholts. Þjónustumiðstöðin kemur því með ráðgjöf inn fyrir þau börn sem koma koma út í slakri færni á áður nefndum athugunum. Niðurstöður þeirra athugana eru notaðar til þess að meta þörf á inngripum og aukinni málörvun fyrir hvert barn. Ef um veruleg frávík er að ræða hjá börnum sem ekki hafa náð viðeigandi aldri fyrir fyrirlögn EFI-2 eru inngrip ákveðin í samráði fyrir foreldra og jafnvel ráðgjafa frá Þjónustumiðstöð Breiðholts.

Einstaklingsnámsskrár

Í vetur hefur gengið þokkalega að vera með einstaklingsnámsskrár fyrir þau börn sem njóta stuðnings. Áætlanir hafa verið gerðar fyrir flest börn og uppfærðar reglulega. Næsta vetur er stefnt að því að þessi vinna verði enn markvissari og unnin í góðu samstarfi við stuðningsaðila barna. Í Hálsaskógi styðjumst við við AEPS-listann við markmiðasetningu og mat á framförum. Það fer eftir

stöðu hvers barns hvort um sé að ræða listann í heild eða einstaka þætti. Í vetur höfum við verið með atferlisþjálfun fyrir þrjú börn og hefur þjálfunarlisti úr bókinni Behavioral Intervention for young children with autism verið notaður samhliða AEPS. AEPS er fylltur út reglulega yfir veturinn og námsskrár uppfærðar í kjölfarið. Stefnt er að því að hefja notkun VB-mapp listans í samstarfi við Þjónustumiðstöð Breiðholts í haust til þess að gera vinnu við einstaklingsþjálfun barna á einhverfurófi markvissari.

#### Samstarf við foreldra og stofnanir

Samstarf við foreldra hefur verið misjafnt á milli fjölskyldna og mismunandi hversu títt teymisfundir hafa verið haldnir. Allt frá 6 vikna fresti og til þess að funda 2x á önn. Þetta er metið í hverju tilfelli fyrir sig eftir eðli og umfangi vandans og aðstæðum fjölskyldunnar. Þjónustumiðstöð Breiðholts hefur sinnt ráðgjöf við bæði leikskóla og fjölskyldur barnanna og hefur það verið m.a. sálfræðingur, sérkennsluráðgjafi, talmeinafræðingur og hegðunarráðgjafi sem komið hefur að málum barnanna. Einnig hefur í sumum tilfellum verið samstarf á milli annarra sérfræðinga s.s. sjúkráþjálfara, iðjuþjálfara & talmeinafræðinga ásamt Þekkingar- og Þjónustumiðstöð blindra og sjónskertra.

#### Samvinna innanhúss

Sérkennslustjóri hefur verið til staðar og veitt ráðgjöf og fræðslu þeirra aðila sem sinnt hafa stuðningi við börnin, kynnt þau fyrir matstækjum og leitt áfram í vinnu þeirra með börnin. Einnig hefur sérkennslustjóri veitt ýmiskonar ráðgjöf, bæði til starfsfólks og foreldra um möguleg inngrip og aðferðir með einstökum barna. Sumir starfsmenn hafa sótt námskeið, t.d. vegna AEPS listans auk þess sem Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins hefur komið með fræðslu varðandi einstök mál. Starfsmenn getað einnig leitað til deildarstjóra og hvers annars eftir stuðningi og ráðgjöf.

Vísbending	Já eða nei/fjöldi	Ef nei, þarf að koma tímasetning um áætlun á innleiðingu hér.
Hversu mörg börn í 1. flokki njóta sérkennslu/stuðnings í leikskólanum?	3	
Hversu mörg börn í 2. flokki njóta sérkennslu/stuðnings í leikskólanum	5	
Hversu mörg börn njóta sérkennslu/stuðnings í leikskólanum frá sérkennslustjóra (önnur en börn í 1. og 2. flokki)	10	
Hve margir sinna sérkennslu/stuðningi í leikskólanum?	5	
Er til áætlun um málörvun í leikskólanum?	Já	

Er til áætlun um snemmtæka íhlutun í leikskólanum?	Já	
Eru gerðar einstaklingsnámskrár í samvinnu við hagsmunaaðila (foreldrar, börn og starfsfólk)	Já	
Eru einstaklingsnámskrár í virkri notkun?	Já	
Þekkir starfsfólk deildarinnar þær áherslur sem verið er að vinna með hverju sinni fyrir börn með stuðning?	Já	
Eru regluleglulegir teymisfundir með foreldrum/forráðamönnum og öðrum sérfræðingum sem að barninu koma?	Já	
Er veitt ráðgjöf og stuðningur til foreldra?	Já	
Er samstarf við þjónustumiðstöð og aðrar stofnanir?	Já	Þjónustumiðstöð Breiðholts, Greiningarstöð ríkisins, Þekkingar- og þjónustu miðstöð blindra og sjónskertra.  MML Túlkaþjónusta
Er samvinna milli sérkennslustjóra og starfsmanna leikskólans?	Já	
Veitir sérkennslustjóri fræðslu, ráðgjöf og stuðning til starfsmanna?	Já	

### Niðurstöður innra mats

Umbótaþættir Sérkennsla	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tímaáætlun	Ábyrgðaraðili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
<b>Hvað þarf að bæta?</b>	Að hverju er stefnt?	Hvernig framkvæmum við það?	Hvenær hefst og hvenær lokið?	Hver ber ábyrgð?	Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýnihó pur, safna gögnum)	Viðmið er gæðalýsing /eða mælik sem stuðst við til að m hversu vel t að ná mark
<b>Einstaklingsnám sskrá</b>	Að einstaklingsáætlanir barna sem njóta sérkennslu séu í nýttar betur og að	Með betri og reglulegri samvinnu sérkennslustj. og stuðningsaðila.	Stefnt er að því að þetta hefjist strax á haustdögum og verði í stöðugri vinnslu.	Sérkennslustjóri ásamt stuðningsaðila barns (eða	Skoða í byrjun október hvort vinna sé ekki komin í gang og fylgjast með á 2ja mánaða fresti.	Að einstaklings skrá hafi ve endurnýjuð

Málörvun barna tvítyngdra barna	stuðningsaðilar komi enn frekar að gerð þeirra.			umsjónarmanni stuðnings)		reglulega yf- veturinn.
	Halda áfram að móta vinnulag í málörvun tvítyngdra barna og gera málörvun þeirra markvissari.	Með reglulegum málörvunar-stundum og hnitmiðaðri vinnu inni á deildum auk þess að vinna eftir áætlun og leiðbeiningum sem unnar voru s.l. vetur. Skráning í Staða, framfarir, framhald	Hefst strax að hausti og verður í stöðugri vinnslu.	Sérkennslustjóri og sá starfsmaður sem heldur utan um þennan hóp. Deildarstjórar koma að skráningu.	Um áramót og aftur að vori.	Markmiðið framfarir tvítyngdra barna í íslensku. E-öryggi starfsmanna markvissri vinnu með þessum hóp.
Fundir með stuðningsaðilum	Að koma á reglulegum fundum með stuðningsaðilum þeirra barna sem hafa stuðning. Með því eykst þátttaka sérkennslustjóra í hverju máli ásamt aðhaldi auk þess sem skapast vettvangur fyrir miðlun upplýsinga og námsefnis.	Að fundir verði haldnir með reglulegu milli, ýmist eftir húsum eða eðli frávika og þörfum stuðningsaðila.	Hefjist þegar aðlögun er lokið og metið hversu reglulega þörf er á þessu.	Sérkennslustjóri og leikskólastjóri/a �sto�arleiksk�la stjóri	Sko�a um �ram�t hvort af þessu hafi or�i� og taka st��una � því hvort þetta n�ytist.	A� stu�ningsaðilum finni styrk og �vinning með � og geti sinnt s�rslu s�nu af meira



## Fylgiskjal 2

### **Skipulagt starf vegna barna með annað móðurmál en íslensku.**

Skólaárið 2018-2019 var nýrri framkvæmd á málörvun barna með annað móðurmál en íslensku hrundið af stað. Einn starfsmaður hélt utan um málörvun þessa hóps og vann samhliða því að áætlun og leiðbeiningum um áframhald hennar. Í upphafi var börnum skipt í litla hópa en fljótlega þróaðist það yfir í einstaklingsstundir, fyrir áramót voru þær stundir nokkrum sinnum í viku en eftir áramót urðu þær færri. Fjármagni því sem úthlutað er til þessa málaflokks er varið til launakostnaðar vegna þessarar stöðu. Þetta fyrirkomulag hefur gefist vel í vetur og stefnt er að því að halda þessu áfram næsta skólaár og þróa þessa framkvæmd enn frekar.

Í Hálsaskógi er stór hluti barna með fleira en eitt tungumál. Í mörgum tilfellum eru tungumálin tvö en í einhverjum eru þau fleiri.

Hvernig er unnið með fjölmenningslegt leikskólastarf

Þjóðfánar allra barna eiga að vera sýnilegur á deildum þeirra ásamt kveðju á þeirra tungumálum. Reynt er að hlusta reglulega á tónlist frá ólíkum löndum og skapa umræðu um fjölmenningu og jafnvel gefa börnunum möguleika á að heyra sögur á öðrum tungumálum. Vikulega hefur verið sögustund á eldri deildum fyrir börn sem hafa pólsku að móðurmáli. Ár hvert er haldin fjölmenningsvika þar sem t.d. er boðið upp á mat frá ólíkum löndum og leitast er eftir samstarfi við foreldra í þeim efnum.

Hvernig er unnið með íslensku sem annað mál og virkt tvítyngi

Í grundvallaratriðum er unnið með íslensku fyrir börn með annað móðurmál en íslensku eins og þau börn sem hafa íslensku að móðurmáli. Málörvun er einn stærsti þáttur alls starfs í leikskólanum og felur það í sér að alla daga eru starfsmenn meðvitaðir um að tala við börnin og hafa orð á öllum hlutum og athöfnum í umhverfi þeirra. Þegar hægt er að koma því við nota starfsmenn með þekkingu á móðurmáli barnsins það mál í samskiptum við barnið, sérstaklega í upphafi leikskólagöngu á meðan barnið er að öðlast öryggi í nýju umhverfi og skilning á nýju tungumáli. Við hvetjum foreldra til þess að tala eigið móðurmál við börnin, lesa fyrir þau, segja sögur og fleira sem stuðlar að virku tvítyngi barna. Reynt er að hafa gætur á því að börn fái einungis jákvæð skilaboð varðandi málnotkun sína á

hvaða tungumáli sem er þó að börn séu hvött til að nýta sér íslensku. Flest tvítyngd börn hafa í vetur fengið reglulega málörvunarstundir sem eru einstaklingsmiðaðar. Í daglegu starfi er haft í huga að skapa þörf fyrir þau að hafa frumkvæði að tjáningu, s.s. með að bjóða val og fleira. Á yngri deildum er áhersla á orðaforða og málsskilning ásamt tjáningu o frásögn en eftir því sem börnin eldast fer áherslan að vera meiri á hljóðkerfisvitund barnanna. Síðastliðið vor var farið af stað með notkun listans „Staða, framfarir, framhald“ en gekk ekki sem skyldi. Allir listar voru þó fylltir út að hausti og aftur að vori og stefnt er að nýta þetta enn frekar.

Hvernig er samskiptum við foreldra háttað

Í haust fengu foreldrar tvítyngdra barna spurningalista í fyrsta viðtali um málumhverfi barnsins og á sama tíma fengu foreldrar afhenda nokkra punkta um hvernig best væri að styrkja börn í virku tvítyngi. Við höfum notað samskiptabækur sem fara á milli heimilis og leikskóla þar sem sagt er frá einhverju í daglegu lífi barnanna fyrir þau börn sem standa höllum fæti. Hugmyndin með slíkum bókum er að skapa umræðugrundvöll fyrir alla aðila, bæði heima og í leikskóla á öllum tungumálum barns. Foreldrar eru hvattir til að vera í góðu samstarfi við leikskólans og þeim boðið að leita til okkar með fyrirspurnir og annað sem þau þurfa aðstoð með. Sérkennslustjóri ásamt deildarstjóra eru tilbúnir til að vera til ráðgjafar um það sem á foreldrum brennur. Við viljum halda þessu áfram með þessum hætti og sjá hvernig framhaldið verður.

## Niðurstöður innra mats

Vísbending	Já eða nei	Hvernig?/Með hvaða aðferðum?/Dæmi
Vinna með íslensku sem annað mál og virkt tvítýngi	Já	Samræður, börnin tekin í litlum hópum í sögustundir, Lubbastundir, einstaklingsstundir þegar því verður við komið.
Er markviss vinna með daglegan orðaforða? (grunnorðaforða)	Já	Kennari tekur barn/börn í litlum hópum og leggur inn orð, setningar, samræður við þau
Er markvisst verið að dýpka orðaforða barnanna?	Já	Samræður við börnin, Gefðu 10
Er fylgst með framförum barnanna?	Já	Notast er við listann „Staða,framfarir,framhald“ í viðbót við þær athuganir sem notaðar eru fyrir öll börn.
Er hugað að öllum þáttum máls og virkri þátttöku barnanna? <ul style="list-style-type: none"> <li>• Orðaforði og málskilningur</li> <li>• Tjáning og frásögn</li> <li>• Hlustun og hljóðkerfisvitund</li> <li>• Ritmál</li> <li>• Félagslegt tungumál, tilfinningar, áhugi, styrkleikar, löngun</li> </ul>	Já	Útbúið hefur verið ákveðið skipulag í leikskólanum sem unnið er út frá með börnin þar sem eru hugmyndir að leiðum í málörvun og reynt að gæta þess að allir þættir fái jafna athygli.



## Fylgiskjal 3

# Starfsáætlun 2019 – 2020 Leikskólinn Hálsaskógur

## Umsögn foreldraráðs

### Foreldraráð leikskólans skipa:

Edda Björg Þórðardóttir  
Rakel Mjöll Guðmundsdóttir  
Sigríður Þorvarðardóttir  
Svanberg Hjelm Guðnason



Leikskólinn Hálsaskógur hefur sett fram metnaðarfull markmið í vinnu með börnunum. Stjórnendur og starfsfólk leikskólans hafa á síðustu árum lagt sig fram við að bæta sig og starf sitt með börnunum. Þetta hefur skilað sér inn í almennra umræðu um leikskólann í hverfinu sem er mjög jákvæð. Stöðugleiki starfsfólks sýnir að einstaklingum líður vel og það er gott að vinna í leikskólanum. Þegar stöðugleiki ríkir í starfsmannahópnum myndast öryggi sem sýnir sig í barnahópnum, faglegt starf eflist og möguleikinn á að þróa starfið áfram. Einnig finna foreldrar fyrir góðum starfsanda og því að starfsfólkið er alltaf glaðlynt, enda líður börnunum mjög vel í leikskólanum.

Nýju verkefni, Herra Níels og tannverndar verkefnið er öflug viðbót inn í starfið. Börnunum finnst gaman að fá Herra Níels í heimsókn og þau bíða spennt eftir að deila reynslu sinni með deildinni sinni á leikskólanum. Frábært tækifæri til málörvunar.

Tannheilsa Íslendinga breyttist til muna eftir að skólatannlæknar komu til sögunnar. Við tókum skref til baka en íslendingar eru mjög meðvitaðir um tennurnar okkar. Tannverndar verkefnið er mikilvægur þáttur í að efla tannheilsu barna af erlendum uppruna. Það er frábært að leikskólinn hefur ákveðið að taka þátt í þessu verkefni.

Annað sem telja má til frábærra verkefna er Grænfáninn. Leikskólinn Hálsaskógur fékk afhentan Grænfánann við hátíðlega athöfn í annað skiptið eftir sameiningu en sjöunda skiptið frá því að Kot fékk fánann afhentan í fyrsta skiptið. Umhverfismennt er mikilvægur hluti af almennri þekkingu sem einstaklingar þurfa að hafa með sér út í lífið. Grænálfar er eitthvað sem börnin hafa virkilega gaman og gagn af. Þá eru þau miðpunkturinn í þessari vinnu og það skilar sér heim. Því er það frábært að leikskólinn leggur sig fram í að upplýsa börnin strax á fyrsta skólastiginu.

Góð vinna er unnið með elstu börnunum og útikennslan er framúrskarandi. Það verður gaman að sjá hvernig starfið mun þróast á komandi ári. Það er sýnilegt hversu faglegt starf er unnið á jákvæðan hátt með einstaklinginn og allir fá að njóta sín. Gaman er að sjá hvernig áhugi barnanna á stafrófinu smitast heim.

## Fylgiskjal 4

### Jafnréttisáætlun Hálsaskógar

Í samræmi við ákvæði laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10/2008 skuldbindur leikskólinn sig til að fara eftir [Mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar](#).

Stefnan skal kynnt öllu starfsfólki á hverju hausti og vera sýnileg á heimasíðu skólans.

Leikskólastjóri ber ábyrgð á að Mannréttindastefnunni sé framfylgt.

Að auki mun leikskólinn í samræmi við 22. laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10/2008 gera sérstakar ráðstafanir til að koma í veg fyrir að nemar verði fyrir kynbundinni eða kynferðislegri áreitni í skólanum. Þá mun leikskólinn fræða nemendur sína um kynferðislega áreitni og kynbundið ofbeldi. Starfsfólk skal þekkja einkenni kynferðislegrar áreitni og kynbundins ofbeldis og hvernig ber að bregðast við grun eða vissu um slíkt meðal nemenda skólans. Nemendum skal ætíð vera ljóst hver réttur þeirra er og hvert þeir geta leitað innan og utan leikskólans komi slíkt upp.

Leikskólinn setur sér framkvæmdaáætlun hvert skólaár þar sem fram koma skýr og vel skilgreind markmið í samræmi við Mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar. Þar sé árangursmat skýrt, eftirfylgni tryggð og ábyrgð ljós.

**Framkvæmdaáætlun er gerð fyrir hvert skólaár í senn og kemur hún fram í starfsáætlun leikskólans.**

### Starfsfólk

Markmið	Aðgerð/leiðir	Ábyrgð	Tímarammi
Að konur og karlar fái sömu laun og njóti sömu kjara	Að hafa laun opinber. Fara eftir kjarasamningum. Störf eiga að vera kynlaus. Sama námsgráða og starfsheiti gefi sömu laun.	Ábyrgðin liggur hjá öllum. Leikskólastjóri, ráðuneyti, aðrir	Alltaf að hafa þetta í huga og

<p>fyrir sömu og jafnverðmæt störf.</p>	<p>Kenna starfsfólki að lesa úr launaseðlum. Árleg greining á launum og fríðindum starfsmanna, leiðréttá ef óútskýrður mismunur kemur fram. Jafnréttisumræðan á að vera fastur liður í daglega skólastarfinu. Fræða börnin um að bæði kynin séu jafn hæf og verðmæt.</p>	<p>starfsmenn leikskólans og stéttarfélag. Launadeild Reykjavíkur-borgar ber einnig ábyrgð.</p>	<p>endurmeta á hverju vori.</p>
<p>Að laus störf standi bæði konum og körlum til boða.</p>	<p>Að auglýsa jafnt eftir konum og körlum en ráða þann hæfasta. Ef um jafn hæfa umsækjendur er að ræða skal ráða þann sem jafnar kynjahlutfallið í Hálsaskógi.</p>	<p>Leikskólastjóri, aðstoðarleikskólastjóri</p>	<p>Þegar þess er þörf.</p>
<p>Að jafna kynjahlutfallið í starfsmanna- hópnum.</p>	<p>Við ráðningu starfsmanna í leikskólann er ráðið eftir menntun, hæfni og starfsreynslu óháð kyni. Ef menntun og hæfni er jöfn, þá er að hugað að jöfnun kynjahlutfalls. Sjá til þess að vinnuumhverfið höfði til beggja kynja.</p>	<p>Leikskólastjóri. Allir bera ábyrgð á vinnuumhverfi Hálsaskógar.</p>	<p>Þegar þess er þörf.</p>
<p>Að konur og karlar sem vinna sambærileg störf skulu hafa jafnan</p>	<p>Að vera með gott upplýsingaflæði um hvað er í boði hverju sinni. Að bjóða jöfn tækifæri fyrir allt starfsfólk og</p>	<p>Trúnaðarmenn, leikskólastjóri, deildastjórar og einnig ábyrgð</p>	<p>Alltaf. Árleg greining fer fram í maí – júní.</p>

<p>aðgang að starfsþjálfun og endurmenntun.</p>	<p>allir hafi sömu möguleika til starfsþjálfunar og endurmenntunar óháð kyni. <u>Jafnréttisfulltrúi</u> gerir árlega greiningu á sókn kvenna og karla í sambærilegum störfum, á endurmenntunarnámskeið og í starfsþjálfun.</p>	<p>starfsmanna að fylgjast með því sem er í boði. Stjórnendur áframsenda á alla starfsmenn hvaða námskeið eru í boði hverju sinni og benda fólki á Endurmenntun.</p>	
<p>Að efla kynjafræðisþekkingu starfsfólks.</p>	<p>Að halda námskeið á starfsdögum, t.d. fyrirlestur um kynjafræði frá fagaðila sem m.a. gæti kynnt ýmiss ný hugtök fyrir starfsfólki.</p>	<p>Leikskólastjóri og aðrir stjórnendur skólans.</p>	<p>Annað hvert ár. Næst 2019 – 2020.</p>
<p>Að starfsfólki sé gert kleift að samræma starfsskyldur sínar og ábyrgð gagnvart fjölskyldu.</p>	<p>Að passa upp á starfsálag, t.d. keyra ekki leikskólann undirmannaðan dag eftir dag. Setja jafna ábyrgð á starfsmenn. Að starfsmenn geti fengið í samráði við deildarstjóra og leikskólastjóra að sinna ábyrgðum sínum gagnvart fjölskyldu. Reyna að vera sveigjanleg. Allir starfsmenn séu umburðarlyndir og taki tillit til aðstæðna.</p>	<p>Leikskólastjóri, aðstoðarleikskólastjóri og deildastjórar. Gagnkvæm ábyrgð allra en endanlega á ábyrgð leikskólastjórans.</p>	<p>Alltaf.</p>

<p><b>Að hafa fordómalaust umhverfi í leikskólanum</b></p>	<p><b>Að starfsmenn skoði og ræði viðhorf sín, þannig að þeir geri sér betur grein fyrir hugsanlegum fordómum. Þeir verði því tilbúnari til að hafa fordómalaust umhverfi. Vinna með gildi leikskólans „vináttu og virðingu“ með nemendum.</b></p>	<p><b>Leikskólastjóri, aðstoðarleikskólastjóri, sérkennslustjóri og jafnréttisfulltrúi.</b></p>	<p><b>Alltaf</b></p>
<p><b>Kynjajafnrétti skal gætt við alla stefnumótun og áætlanagerð í skólastarfinu.</b></p>	<p><b>Með vinnslu jafnréttisnámskrár og símati á henni árlega. Við námskrárgerð, starfsáætlunargerð og aðra skipulagningu þarf ávallt að huga að því að skipuleggja óháð kyni. Huga að því að konur og karlar standi jafnt í þessum efnum og taka tillit til beggja kynja við áætlanagerð svo að bæði kyn geti unnið alveg eins störf.</b></p>	<p><b>Leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri. Stjórnendateymi og jafnréttisfulltrúi.</b></p>	<p><b>Alltaf. Sérstaklega við hverja endurskoðun.</b></p>
<p><b>Að koma í veg fyrir að starfsfólk verði fyrir kynbundna eða kynferðislega áreitni eða ofbeldi.</b></p>	<p><b>Að bjóða upp á opin samskipti í Hálsaskógi með opinni umræðu og fræðslu, áherslu á jákvæð samskipti, hópefli og aukið sjálfstraust starfsmanna. Allir starfsmenn finni að það sé hlustað á þá og að þeir skipti máli. Bjóða upp á fræðslu. s.s. um kynbundið eða kynferðislegt ofbeldi eða áreitni .</b></p>	<p><b>Leikskólastjóri, aðstoðarleikskólastjóri. Einnig jafnréttisfulltrúi leikskólans.</b></p>	<p><b>Alltaf. Farið yfir þetta að hausti og fylgt eftir allt skólaárið.</b></p>

<p>Að í skólanum sé forvarnar og viðbragsáætlun gegn einelti, kynferðislegri áreitni, kynbundinni áreitni og ofbeldi.</p> <p>Að starfsfólk viti hvert það geti leitað ef það verður fyrir slíkri áreitni eða ofbeldi.</p>	<p>Forvarnar, viðbragðsáætlun og samskiptasamningur starfsfólks kynnt fyrir starfsfólki.</p> <p>Í forvarnar og viðbragsáætlun kemur fram hvert skal leitað ef slík mál koma upp.</p>		<p>Kynnt á fyrsta starfsmannafundi vetrarins</p>
---	--	--	--

## Nemendur

Markmið	Aðgerð/leiðir	Ábyrgð	Tímarammi
<p>Að nemendur fái fræðslu um jafnréttismál.</p>	<p>Að ræða um jafnréttismál í daglegu starfi, þ.e. að öll börn hafi sömu tækifæri til allra verkefna. Að grípa tækifæri til þess að ræða það að allir hafi sama rétt, t.d. að vera í bleiku. Að börnin hafi tækifæri til að hafa áhrif á verkefnaval, útfærslur og sköpun. Mikilvægt er að kennarar séu góðar fyrirmyndir. Jafnréttisfræðslu má taka inn í alla leiki og samverustundir.</p>	<p>Allir. Endanleg ábyrgð deildastjóranna.</p>	<p>Alltaf. Er fléttað inn í allt starf skólans, t.d. Græn-fánaverkefnið og útikennslu.</p>

<p><b>Að búa bæði kynin undir jafna þátttöku í samfélaginu, svo sem í fjölskyldu og atvinnulífinu.</b></p>	<p><b>Að vera meðvituð um að allt leikefni sé fjölbreytt, henti mismunandi áhugasviði og sé ekki kynbundið. Jafna framsetningu á leikefni og grípa áhuga barnanna. Hafa fjölbreytni í bókavali og fara reglulega yfir bækur leikskólans og skoða þær með kynjagleraugum.</b></p>	<p><b>Allir. Endanleg ábyrgð deildastjóranna.</b></p>	<p><b>Alltaf. Áhersla á þetta 2019 – 2020.</b></p>
<p><b>Að efla sjálfstæði og sjálfsvitund óháð kyni.</b></p>	<p><b>Að allt starfsfólk og öll börn komi að mati á öllum þáttum leikskóla- starfsins og hafi þannig áhrif á skipulag og umbætur í starfinu.</b></p>	<p><b>Deildarstjórar</b></p>	<p><b>September – mars ár hvert.</b></p>
<p><b>Að koma í veg fyrir að nemendur verði fyrir kynbundinni eða kynferðislegri áreitni eða ofbeldi í leikskólanum.</b></p> <p><b>Að í Hálsaskógi sé til forvarnar- og viðbragðsáætlun gegn einelti, kynbundinni og</b></p>	<p><b>Að fræða nemendur um það hvernig þau setja sjálfum sér og öðrum mörk.</b></p> <p><b>Nemendur fá fræðslu um það hvert þeir eiga að leita ef þeir verða fyrir eða verða vitni að kynbundinni eða kynferðislegri áreitni og ofbeldi.</b></p>	<p><b>Leikskólastjóri og aðrir stjórnendur leikskólans.</b></p>	<p><b>Alltaf.</b></p>



<p><b>kynferðislegri áreitni og ofbeldi.</b></p> <p><b>Að nemendur viti hvert þeir eiga að leita ef slík hegðun kemur upp eða ef þeir verða vitni að slíku.</b></p>			
<p><b>Að <u>allir</u> foreldrar/ forráðamenn taki jafnan þátt í skólastarfinu. Starfsfólk skólans útiloki ekki annað foreldrið á grundvelli kyns.</b></p>	<p><b>Að vera meðvituð um að koma eins fram við alla. Hvetja báða foreldra til þátttöku í leikskólastarfinu, en taka tillit til aðstæðna hvers og eins. Sjá til þess að báðir foreldrar fái sama viðmót. Hringja jafnt í mæður og feður varðandi upplýsingar frá leikskólanum. Vera í jöfnum samskiptum við báða foreldra og koma báðum foreldrum inn í daglegt starf barnsins eins og aðstæður leyfa.</b></p>	<p><b>Allir. Sérstaklega foreldrar og deildastjórar.</b></p>	<p><b>Alltaf.</b></p>
<p><b>Að efla samskipti við börn og forelda ef erlendum uppruna.</b></p>	<p><b>Að vera með virkt upplýsingaflæði til foreldra af erlendum uppruna með reglulegum samskiptum og skráningum.</b></p>	<p><b>Leikskólastjóri, aðstoðarleikskólastjóri og deildarstjórar.</b></p>	<p><b>Alltaf.</b></p>

